

ERINDISBRÉF

UNGmennaráðs HVERAGERÐISBÆJAR

I. KAFLI

UMBOÐ OG SKIPAN

1. gr.

Ungmennaráð Hveragerðisbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar, og fer með þau verkefni sem því er falið og nánar er kveðið á um í samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023, með síðari breytingum, og erindisbréfi þessu.

2. gr.

Ungmennaráð Hveragerðisbæjar er skipað þremur aðalmönnum og þremur til vara. Frístundamiðstöðin Bungubrekka skal fyrir lok ágústmánaðar tilnefna til tveggja ára í senn þrjá aðalmenn og þrjá varamann í ungmennaráð. Auglýsa skal eftir umsóknum í ungmennaráð fyrir 15. ágúst. Kjörgengir eru þeir einstaklingar sem eiga lögheimili í Hveragerði og eru á aldrinum 13-20 ára. Gæta skal að jafnrétti kynja og góðri aldursdreifingu við val á umsækjendum. Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar skipar í ungmennaráð Hveragerðis á fundi sínum í september.

Segi fulltrúi í ungmennaráði af sér eða hættir af öðrum orsökum skal skrifleg tilkynning um úrsögn berast bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar og Frístundamiðstöð Bungubrekku. Skal Bungubrekka tilnefna nýjan fulltrúa í hans stað.

Allar afgreiðslur ráðsins eru tillögur til bæjarstjórnar nema ráðinu hafi sérstaklega verið falið fullnaðarvald til ákvarðanatöku í samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar.

II. KAFLI

MARKMIÐ OG HLUTVERK

3. gr.

Markmið ungmennaráðs Hveragerðisbæjar er að skapa vettvang og leiðir fyrir þá sem eru yngri en 20 ára til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila um þau málefni sveitarfélagsins sem vilji er að hafa áhrif á hverju sinni.

Hlutverk ungmennaráðs Hveragerðisbæjar er að taka til umfjöllunar þau mál sem bæjarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við markmið og hlutverk ráðsins.

Hlutverk ráðsins er m.a.:

- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu sbr. 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.
- Að koma skoðunum og tillögum ungs fólks á framfæri við bæjarstjórn og vinna tillögur til stefnumörkunar um málefni ungs fólks.
- Að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins og að skapa þeim vettvang til að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri.
- Að stuðla að virkri þátttöku og valdeflingu ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu með því að standa fyrir umræðu um mál sem geta verið til hagsbóta fyrir ungt fólk.
- Vekja athygli á ungmennaráðinu og kynna það fyrir fólki í samfélaginu.

- Halda ungmennapeing einu sinni á ári.

III. KAFLI FUNDIR OG STARFSHÆTTIR

4. gr.

Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og skal ákvæðum samþykktarinnar fylgt eftir því sem við á.

Ungmennaráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem bæjarstjórn samþykkir.

Ungmennaráðið heldur þrjá fundi (3) sem dreifast jafnt yfir starfstímabilið sem er frá 1. september til 31. maí ár hvert. Ráðið skal skipa formann og varaformann á fyrsta fundi sínum að hausti ár hvert. Formaður ungmennaráðs stýrir fundinum og kemur með tillögu að föstum fundartíma ráðsins.

Starfsmaður Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku er starfsmaður ungmennaráðs og situr fundi þess með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður er tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld. Hann er ráðinu fyrst og fremst til ráðgjafar og má ekki hafa áhrif á starfsemi þess nema brýna nauðsyn beri til. Starfsmaður boðar til fyrsta fundar ráðsins að hausti til og sér um að koma samþykktum ráðsins til viðeigandi aðila hverju sinni og halda utan um fundargerðir ráðsins.

Formaður ungmennaráðs og starfsmaður þess sjá um að boða ráðið til fundar í samráði við bæjarstjóra og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja (2) sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum ráðsins í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og leiðbeininga ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Formaður stýrir fundum ráðsins. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti hans er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu, með og á móti.

Fundarmönnum er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum á fundum ráðsins.

Fundarboð og fundargerðir skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi og ber starfsmaður ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður ráðsins strax að fundi loknum til bæjarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta bæjarstjórnarfundu til staðfestingar. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Á dagskrá fundar ráðsins skulu tekin fyrir mál sem fulltrúar í ungmennaráði hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði ráðsins. Skal efni þess berast formanni og starfsmanni ráðsins

a.m.k. þremur (3) sólarhringum fyrir fyrirhugaðan fund. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefndir óska eftir að ráðið fjalli um.

Fulltrúar í ráðinu skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín fyrir ráðið og ávallt setja almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum. Fulltrúar skulu taka mið af þeim lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um þau mál sem koma fyrir ráðið svo og samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni í ráðinu.

Ungmennaráð skal senda erindi til bæjarstjórnar, bæjarráðs eða viðkomandi nefnda og ráða um þau málefni sem það telur varða hagsmuni eða aðstæður ungmenna. Ráðið getur leitað umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Formaður og aðrir meðlimir ráðsins skulu snúa sér til bæjarstjóra eða annarra starfsmanna bæjarins eftir því sem við á til að fylgja eftir staðfestum samþykktum ráðsins. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

Ungmennaráð getur óskað eftir að einstaka starfsmenn Hveragerðisbæjar mæti til fundar, sem og aðrir sem ráðið telur þörf á hverju sinni. Bæjarstjóri og einstaka bæjarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum ráðsins. Þá skal Ungmennaráð leggja fram skýrslu um starfsemi sína árlega og kynna fyrir bæjarráði.

Ráðið skal standa fyrir ungmennapingi einu sinni á ári þar sem á dagskrá verða málefni sem tengjast ungu fólki.

IV. KAFLI

GILDISTAKA

6. gr.

Erindisbréf þetta er sett á grundvelli samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023 með síðari breytingum.

Erindisbréf þetta var samþykkt á fundi ungmennaráðs Hveragerðisbæjar 29. apríl 2025 og á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar 8. maí 2025 til að öðlast þegar gildi.